

Framkvæmdaáætlun Garðabæjar á sviði barnaverndar kjörtímabilið 2018 – 2022

Inngangur

Framkvæmdaáætlun þessi er gerð með vísan til 9. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, en þar segir:

“Sveitarstjórnir skulu marka sér stefnu og gera framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins. Framkvæmdaáætlun sveitarfélags í barnaverndarmálum skal send ráðuneytinu og Barnaverndarstofu.”

Áætlun þessari er ætlað að stuðla að vönduðum vinnubrögðum og markvissri barnavernd bæði með almennum og sértækum aðgerðum í þágu barna. Með börnum er í áætlun þessari átt við einstaklinga undir 18 ára aldri.

Markmið

Garðabær vill stuðla að fjölskylduvænu samfélagi, tryggja fjölskyldunni sem þroskavænlegust skilyrði og stuðla að öryggi og velferð barna í bænum. Það sem er barni fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar gerðar eru ráðstafanir sem varða börn, sbr. 3. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Leitast skal við að ná þessum markmiðum með:

1. Almennum aðgerðum í þágu barna í samfélaginu.
2. Sértækum aðgerðum og forvörnum í þágu tiltekinna hópa barna.
3. Markvissri vinnu í málefnum tiltekinna barna á grundvelli barnaverndarlaga.

1. Almennar aðgerðir í þágu barna í samfélaginu

Garðabær mun með fjölbreyttum hætti leitast við að tryggja bættan hag barna og fjölskyldna í bæjarfélaginu með því að:

- Hafa forvarnir í bæjarfélaginu markvissar og samræmdar.
- Huga sérstaklega að markvissum aðgerðum hvað varðar einelti, ofbeldi og neyslu meðal barna og sem ógnar getur velferð þeirra.
- Tryggja að öll börn eigi kost á námi við hæfi, s.s. með einstaklingsmiðuðu námi í leik- og grunnskólum bæjarins.
- Tryggja samfellu í skóla- og tómstundastarfi.
- Tryggja að öll börn eigi kost á að stunda íþróttir og tómstundir. Þetta verður m.a. gert með hvatapeningum sem ætlaðir eru til að greiða niður þátttökugjöld í íþrótt- og æskulýðsstarfi og til að vinna gegn brottfalli úr íþróttum og tómstundastarfi barna.
- Ráða til starfa með börnum vel menntað og hæft starfsfólk.
- Styðja og efla starfsfólk við störf þeirra að uppeldismálum með fræðslu og námskeiðum.
- Styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu. Það verður m.a. gert með eftirfarandi hætti:
 - ✓ Með öflugum samstarfi heimila og skóla og íþrótt- og æskulýðsfélaga.
 - ✓ Með því að veita foreldrum/forsjáraðilum upplýsingar um hagi og líðan barna og ungmenna í Garðabæ og áherslur í forvarnarstarfi.
 - ✓ Með því að foreldrar/forsjáraðilar geti á heimasíðu Garðabæjar sótt upplýsingar um þá þjónustu sem í boði er og hvert hægt er að leita ef vandi steðjar að fjölskyldunni.

2. Sértekur aðgerðir í þágu tiltekinna hópa barna

Garðabær mun með sértækum aðgerðum leitast við að efla stöðu barna sem standa höllum fæti. Þetta verður gert með því að:

- Próa frekar og styrkja stuðningsþjónustu fyrir fjölskyldur í vanda á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
- Efla foreldrafærni t.d. með því að bjóða upp á PMT foreldrafærninámskeið fyrir foreldra/forsjáaraðila barna á aldrinum 4-12 ára.
- Leggja áherslu á að starfsfólk sem vinnur með börnum fylgist með þroska þeirra, sé ætíð vakandi fyrir því hvort þau þurfi sérstaka aðstoð og finni stuðningsúrræði við hæfi.
- Huga sérstaklega að aðlögun barna innflytjenda og móta heildstæða stefnu um móttöku og aðlögun þeirra.
- Huga sérstaklega að því að efla og styrkja sjálfsmynd barna og ungmenna s.s. með hópastarfi og námskeiðum eftir því sem við á.

3. Markviss vinna í málefnum tiltekinna barna á grundvelli barnaverndarlaga

Markmið í barnaverndarstarfi er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Leitast skal við að ná þessum markmiðum með því að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverkinu og beita eftir atvikum úrræðum til verndar einstökum börnum, sbr. 2. gr. barnaverndarlaga.

Þetta verður auk þess gert með:

- Fræðslu og aðgengilegum upplýsingum fyrir almenning á heimasíðu Garðabæjar um tilkynningarskylduna og hvert tilkynna skuli þegar grunur leikur á að aðbúnaði og uppeldisskilyrðum barna sé áfátt.
- Verkefninu Velferð barna og ungmenna í Garðabæ sem felur í sér samstarf barnaverndar við skóla, leikskóla, frístundastarf og íþróttafélög í Garðabæ um fræðslu og verklag vegna gruns um ofbeldi, vanrækslu eða áhættuhegðun barna.
- Verklagsreglum um hvernig meta eigi alvarleikastig tilkynninga til barnaverndar og tryggja nauðsynlega forgangsörðun.
- Bakvöktum barnaverndar í Garðabæ í samstarfi við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.
- Þátttöku í samstarfsverkefninu Átak gegn heimilisofbeldi með því markmiði að bæta stöðu barna sem búa við ofbeldi með markvissum aðgerðum.
- Fjölbreytilegum stuðningi við fjölskyldur á heimilum þeirra og í nærumhverfi og draga þannig eins og kostur er úr þörf fyrir vistun barna utan heimilis.
- Fullnægjandi mönnun í barnaverndarstarfinu þannig að unnt sé að sinna skyldum sveitarfélagsins í barnaverndarmálum.

Uppbygging barnaverndarstarfsins

Fjölskylduráð Garðabæjar fer m.a. með störf barnaverndarnefndar, sbr. 4. mgr. 10. gr. barnaverndarlaga.

Fjölskylduráð hefur falið starfsmönnum sínum könnun og meðferð einstakra mála skv. reglum sem ráðið hefur sett. Þar með er framselt til starfsmanna vald til að taka einstakar ákvarðanir í barnaverndarmálum sbr. 14. gr. barnaverndarlaga. Umboð/framsal þetta er skilgreint í reglum Garðabæjar um “Hlutverk fjölskylduráðs varðandi meðferð mála er undir barnaverndarnefnd heyra og umboð til starfsmanna”..

Samþykkt á fundi bæjarráðs xx.xx. 2018
Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari